

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólög-
lærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og
að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við
gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 11. maí 1988.

Nr. 105/1988. **Magnús Jónsson**

gegn

sýslumanninum í Húnavatnssýslu

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason
og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn
áfrýjaða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með vísan til 3. tl. 1. mgr. og til 2. mgr. 21.
gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru
15. mars sl., sem barst Hæstarétti 19. apríl sl. Þar og í greinargerð
24. apríl sl. gerir hann þær kröfur að hinn kærði úrskurður verði
úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að taka lögbannsbeiðni
sóknaraðila fyrir að nýju til efnisúrlausnar og að tilkynna honum
um þá fyrirtekt með hæfilegum fyrirvara, þannig að honum gefist
kostur á að leggja fram greinargerð beiðninni til stuðnings. Hann
gerir og kröfu um kærumálaskotnað.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði synjaði fógeti sóknar-
aðila að taka kröfu hans um lögbannið til greina, án þess að gefa
honum kost á að koma að frekari gögnum og greinargerð, sem hann

hafði óskað eftir. Sóknaraðili hefur ekki skýrt hvaða gögn þetta væru eða hvers vegna þau fylgdu ekki beiðninni, sem hafði að geyma rök fyrir máli hans og lýsingu á helstu málavöxtum.

Eigi verður talið að fógæti hafi með þessari meðferð málsins gert á hlut sóknaraðila í dómara starfi þannig að lokamálsgrein 21. gr. laga nr. 75/1973 taki til þess. Að öðru leyti sýnist kröfugerð sóknaraðila miða að því að fá lögbannskröfunni framgengt, en úrlausn þess máls sætir ekki kærur til Hæstaréttar sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu brast sóknaraðila heimild til kærur þessarar og er málinu vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Húnavatnssýslu 2. mars 1988.

Lögmaður eiganda bifreiðarinnar H-2954 hefur krafist lögbanns við því að klippa númer af bifreiðinni vegna þungaskattsskuldar. Það er upplýst í málinu að skuld vegna H-2954 er nú kr. 1.817.377,00 þar af tilfallið á árinu 1987 án dráttarvaxta kr. 740.074,00. Ekkert hefur verið greitt inn á þessa skuld á sl. ári né nú á nýbyrjuðu ári. Lögmaðurinn hóf afskipti af þessu máli í apríl á sl. ári. Hann hefur því haft nægan tíma til þess að kynna sér allar málsástæður og er því engin nauðsyn að grípa til lögbanns til að koma í veg fyrir verknað, sem löglegt er að beita gagnvart þeim, sem ekki greiða þungaskatt.

Fógætarétturinn synjar því um framgang gerðarinnar.

Á l y k t u n a r o r ð:

Umræddri lögmannsgjörð er synjað.